

Sp.

350. Þingsályktun

[51. mál]

um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð.

(Afgreidd frá Sp. 26. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu, og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

Jafnframt verði endurskoðuð lög in um hafnarbótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti meðal annars veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda.